

Skilabréf til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á samningi um stafsskilyrði nautgriparéktar.

Febrúar 2019

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur haldið tólf fundi um málefni nautgripa og mjólkurframleiðslu.

Hópurinn hefur fundað með fulltrúum frá Landssambandi kúabænda, Mjólkursamsölunni, Örnunni, BioBú ehf. og umhverfis- og auðlindaráðuneyti auk þess að kynna sér starfsemi annarra úrvinnsluaðila á mjólkurvörumarkaði.

Samkvæmt erindisbréfi hópsins voru sett fyrir allmörg verkefni sem hefur verið leiðarljós vinnunnar. Sumum þeirra var örðugt að sinna, svo sem að meta framleiðni í greininni og hvort þróunin sé viðunandi út frá samkeppnisjónarmiði. Þar sem skammt er um liðið frá því að samningarnir tóku gildi í núverandi mynd hefur ekki tekist að draga fram heildstæða mynd af framleiðninni.

Stuðningur hins opinbera við landbúnað á að hafa það að meginmarkmiði að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar á bújörðum og hagkvæmni í rekstri. Ennfremur að stuðla að bættri samkeppnishæfni og sanngjörnu vöruverði. Stuðningur hins opinbera á fyrst og fremst að nýttast þeim sem sannarlega eru með fasta búsetu á lögbýli árið um kring.

Þróun atvinnugreinarinnar

Framleiðendum í nautgripaækt hefur farið ört fækkandi á síðustu áratugum. Árið 1978 voru þeir um 2.500 talsins og árið 2018 voru þeir 565. Þú eru almennt stærra núna og framleiða meira. Árið 2018 var meðalinnviðtun 269.750 lítrar en um 45.000 lítrar árið 1978. Heildargreiðslumark árið 2018 var 145 milljón lítrar og innviðtun mjólkur 152,4 milljón lítrar. Sala á fitugrunni var 144,8 milljón lítrar, sem var aukning um 0,5%, og sala á próteingrunni var 129,5 milljón lítrar, lækkun um 2,2 % frá árinu 2017.

Framleiðsla nautakjöts árið 2018 var 4.775 tonn, samanborið við 4.613 tonn árið 2017. Markaðshlutdeild innlendrar nautakjötsframleiðslu er um 76%. Árið 2017 voru 848 tonn af nautakjöti flutt til landsins, samanborið við 672 tonn árið 2016 og 1.044 tonn árið 2015.

Hin síðari ár hefur í auknum mæli verið unnið að markaðssetningu íslenskra mjólkurafurða á erlendum mörkuðum og stefnt er á frekari vöxt á þeim vettvangi á næstu árum. Íslenskar mjólkurafurðir eru nú fáanlegar víða um Evrópu auk þess sem þær eru í auknum mæli fáanlegar á öðrum mörkuðum. Í því felast mikilvæg tækifæri og verðmætasköpun fyrir mjólkuriðnaðinn til að nýta afurðir úr íslensku mjólkurhræfni.

Mikil breyting hefur orðið á neyslu mjólkur á undanförunum árum sem hefur leitt af sér stærra markað fyrir mjólk. Viðhorf neytenda til matvæla er að breytast og á aukin neysla á fituríkum mjólkurafurðum mikinn þátt í því. Neysla próteins hefur ekki þróast á sama hátt og hefur hluti próteins verið fluttur úr landi sem undanrennuft.

Í meðfylgjandi töflu má sjá þróun ríkisstuðnings við mjólkurframleiðslu frá árinu 2004 til ársins 2018.

Ár	Greiðslumark (lítrar)	Greiðslur til kúabænda (milljónir kr.)	Greiðslur í krónum á lítra
2003/2004	105.000.000	8.399	80,0
2004/2005	106.000.000	7.343	69,3
2005/2006	111.000.000	8.289	74,7
2006/2007	116.000.000	7.999	69,0
2007/2008	117.000.000	7.730	66,1
2008/2009	119.000.000	7.118	59,8
2009/2010	116.250.000	6.890	59,3
2011	116.000.000	6.816	58,8
2012	114.500.000	6.804	59,4
2013	116.000.000	6.737	58,1

Útreikningar SAM:

Raunlækkun:

2003/2004 = 8.399 m.kr.
2018 = 6.659 m.kr.
Lækkun: 1.740 m.kr.
Lækkun %: 21%

2014	125.000.000	6.801	54,4	Lækkun á hvern lítra mjólkur: 2003/2004 = 80,0 kr. 2018 = 45,9 kr. Lækkun: 34,1 kr. Lækkun %: 43%
2015	140.000.642	6.780	48,4	
2016	135.999.999	6.774	49,8	
2017	144.000.001	6.616	45,9	
2018	145.000.000	6.659	45,9	

Heimildir:

Frá 2003/2004 til 2016: Á verðlagi neyslu 2017; tekið úr töflu 7 í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 148. löggjafarþingi; þingskjal 268
2017: Ríkisreikningur 2017
2018: Frumvarp til fjárlaga 2018
Greiðslumark: Ársskýrslur SAM

Byggðafesta og búsetugrunnur

Stuðningur hins opinbera við landbúnað á að stuðla að því að jarðir séu sem víðast setnar árið um kring til að sporna við byggðaröskun. Búvörusamningur á að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum. Í ljósi þeirrar þróunar að búum hefur fækkað þarf að greina með hvaða hætti opinber stuðningur getur spornað við þeirri þróun. Taka mætti til skoðunar hvort bjóða eigi upp á aðlögunarsamninga, sambærilega þeim sem eru í boði í sauðfjárrækt.

Rannsóknir og þróun

Hópurinn telur rétt að leggja áherslu á rannsóknir og þróun í landbúnaði sem miða að því að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í greininni. Hvatt verði til samstarfs starfandi rannsóknastofnana og háskóla. Áhersla skal lögð á samstarf stjórnvalda og landbúnaðarins um rannsóknir og aðgerðir í loftslags- og umhverfismálum. Frekar verður fjallað um þessa þætti í skilum hópsins í umfjöllun um landbúnaðarstefnu og rammasamning landbúnaðarins.

Um framleiðslukostnað

Í erindisbréfi og nefndaráliti atvinnuveganefndar var fjallað um framleiðslukostnað hér á landi og samanburð við önnur lönd, ekki síst til að átta sig á samkeppnishæfni innlendrar nautgripærktar.

Í gagnagrunni The Dairy Research Network, sem safnað er og birtur af IFCN¹, er að finna ítarleg gögn um framleiðslukostnað. Gögn frá IFCN sem að birtast í skýrslu frá árinu 2018 eru grundvöllur að eftirfarandi samanburði, sem að sjá má í töflu.

Framleiðslukostnaður í ISK á 1 ltr mjólk; gengi 10.12.2018. = 122 ISK/USD

Kostnaður	Noregur 23 kýr	Noregur 41 kýr	Kanada 85 kýr	Kanada 147 kýr	Bretland 160 kýr	Bretland 259 kýr	Danmörk 190 kýr	Danmörk 350 kýr	Ísland ² 60 kýr
Fóður	27,7	40,3	22,7	21,4	18,9	20,1	15,1	15,1	31,6
Laun	55,4	41,5	16,4	7,6	7,6	7,6	10,1	8,8	23,7
Fjármagn ^C	16,4	7,6	3,8	7,6	2,5	2,5	5,0	5,0	13,6
Land	3,8	6,3	10,1	13,8	2,5	1,3	6,3	6,3	6,6
Vélar & hús	23,9	29,0	16,4	17,6	10,1	8,8	13,8	13,8	17,2

¹ International Farm Comparison Network

² Frá Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins.

Dýralæknaþj.	5,0	2,5	3,8	5,0	1,3	1,3	1,3	1,3	2,4
Annað	31,5	26,4	27,7	21,4	10,1	10,1	8,8	8,8	23,1
Samtals:	163,7	153,6	100,7	94,4	52,9	51,6	60,4	59,2	118,2

Þegar þessar tölur eru skoðaðar, m.a. með tilliti til veðurfars og þátta sem hafa afgerandi áhrif á framleiðsluáætlun, má draga þá ályktun að íslenskir framleiðendur hafi náð ágætum árangri. Ef skýra á nánar misháan kostnað á milli landa þarf að greina betur einstaka áhrifaþætti framleiðslukostnaðar á Íslandi. Athygli vekur að beinn hlutfallslegur opinber stuðningur við íslensk nautgripabú var árið 2017 um 28%, en var við gerð mjólkursamnings árið 2004 um 49%.

Framleiðslustýring, verðlagning mjólkur

Samkvæmt erindisbréfi er hópnum ætlað að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli kvótakerfi í mjólkurframleiðslu frá og með 1. janúar 2021. Þess skal getið að Bændasamtök Íslands munu í febrúar 2019 halda atkvæðagreiðslu meðal mjólkurframleiðenda um framtíð kvótakerfisins. Hópurinn tekur ekki afstöðu til þessa fyrir en að niðurstöður atkvæðagreiðslunnar liggur fyrir.

Í gildandi samningi um starfsskilyrði nautgripaþæktar er gert ráð fyrir að framleiðslustýringu verði hætt og hvernig brugðist verði við því hvað varðar skipulag framleiðslunnar, áherslur í formi stuðnings og verðlagningu. Verði niðurstaðan sú að hverfa frá þeim áformum þarf að taka þá þætti til endurskoðunar.

Framleiðslustýring, opinber verðlagning og skráning á framleiðendaverði hafa stuðlað að jafnri stöðu mjólkurframleiðenda um land allt og tilsvarende byggðafestu. Á sama tíma hefur búum fækkað verulega. Hópurinn telur að horfa verði á þessa þætti í samhengi. Verði einum þeirra raskað hefur hann áhrif á hina. Verði sem dæmi framleiðslustýring afnumin er örðugt að sjá hvernig föst verðlagning gangi til lengri tíma. Afnáam framleiðslustýringar gæti því haft áhrif á verð til bænda.

Hópurinn telur samt sem áður nauðsynlegt að þróa þessi stýritæki átt í til meira frjálsræðis. Það þarf að gerast í samhengi við breyttar áherslur. Undanfarin ár hefur verið stuðst við „verðlagsgrundvöll kúabús“ sem hefur tekið litlum breytingum. Hvað varðar afurðastöðvar þá hefur orðið veruleg skekkja á verðlagningu vöru, sérstaklega í ljósi breyttra neysluvenja. Við því þarf að bregðast. Þá hafa takmörk verið sett varðandi viðskipti með greiðslumark. Í gildandi mjólkursamningi er stuðst við innlausnarkerfi greiðslumarks sem hefur leitt til ákveðinna vandamála, sér í lagi í ljósi mikillar eftirspurnar eftir kvóta. Með nýrri reglugerð um stuðning við nautgripaþækt var sett hámark á það hversu mikið greiðslumark hver framleiðandi getur óskað eftir á innlausnarmarkaði. Með viðskiptum á innlausnarmörkuðum átti að draga úr kostnaði í kerfinu. Innleiðing innlausnarkerfis tengdist því markmiði samningsins að afnema framleiðslustýringu.

Verði framleiðslustýringu viðhaldið þarf að endurskoða hvernig viðskiptum með greiðslumark skuli háttáð og væri æskilegt að takmarka undanþáguheimildir. Í þeim efnum þarf að líta til mikilvægis nýliðunar í stéttinni. Langvarandi lokun á tilfærslu greiðslumarks er til þess fallið að skapa erfiðleika og mögulega hamla framþróun, sem meðal annars getur komið fram við sameiningu bóva, búskaparlok vegna aldurs eða veikinda. Núverandi réttshafar eru líklegir til að halda að sér höndum þar sem þeir eru ekki sáttir við núverandi verðlagningu auk þess sem óvissa ríkir um framtíð kerfisins.

Starfshópurinn ræddi sérstaklega framsal framleiðsluheimilda. Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda kynntu hópnum vinnu sem Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur unnið um fyrirkomulag á framsali framleiðsluheimilda. Gild sjónarmið eru því fyrir að horfa með sérstökum hætti til yngri bænda og minni bóva.

Starfsskilyrði mjólkurframleiðslu hafa, ásamt mikilli hagræðingu í úrvinnsluinaði, skapað festu og sterka stöðu búgreinarinnar. Búum í mjólkurframleiðslu hefur samhliða fækkað verulega á

undanförnum árum. Mikil fjárfesting er í aðbúnaði fyrir mjólkurkúr. Samþjöppun framleiðslunnar hefur leitt af sér færri en sterkari framleiðslueiningar.

Samkvæmt gildandi samningi eru ákvæði um þak á stuðning. Hópurinn telur mikilvægt að halda því. Það er vel rökstutt sjónarmið að koma í veg fyrir að safna megi ótakmarkað heimildum á eitt og sama búið eða tengd fyrirtæki.

Í mjólkurframleiðslu er mikill framleiðsluvilji, sem byggir á því verði sem greitt hefur verið. Á stuttum tíma hefur framleiðslan farið yfir innanlandsþörf. Skilaverð á erlendum mörkuðum er ekki nægjanlegt til að standa undir lögbundnu lágmarksverði til bænda, en framleiðsla umfram greiðslumark er flutt á erlenda markaði á ábyrgð bænda, sem framleiða mjólkina, og afurðastöðva sem kaupa mjólkina af bændum. Áhersla skal lögð á að opinberir fjármunir styðji fyrst og fremst við framleiðslu á innanlandsmarkaði og taki mið af stöðu markaðar hverju sinni. Í því sambandi mætti útfæra svokallaða innanlandsvog sem skilgreinir þarfir og eftirspurn á innanlandsmarkaði, líkt og fyrirhugað er að gera í samningi um starfsskilyrði í sauðfjárrækt.

Verðlagning.

Á undanfórnum árum hefur fyrirkomulag verðlagningar á mjólkurafurðum ekki virkað sem skyldi, einkum vegna þess að stundum hefur dregist of lengi að breyta verði. Mikilvægt er að verðlagsnefnd staðfesti verklagsreglur um starfsemi sína.

Til að bregðast við þessu var samið um það í síðustu búvörusamningum, sbr. 12. gr., að taka upp nýtt kerfi við verðlagningu, sjá gr. 12.3: „Opinber aðili skal setja markaðsráðandi afurðastöð tekjumörk á innlendum markaði. Tekjumörk skulu taka mið af breytilegum og föstum kostnaði auk arðsemi sem skilgreind er af opinberum aðila. Bókhaldslegur aðskilnaður skal vera á innlendri og erlendri starfsemi markaðsráðandi afurðastöðvar.“

Við breytingar á búvörulögum haustið 2016 var fallið frá því við meðferð málsins á Alþingi að lögfesta ákvæði um nýtt verðlagskerfi.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu meðal bænda og endurskoðun samnings að viðhalda framleiðslustýringu er eðlilegt að aðferð við framleiðslustýringu og verðlagning verði endurskoðuð. Hópurinn leggur til að við endurskoðun á verðlagningaraðferð verði horft til eftirfarandi tekjumarkaleiðar og vinnslukostnaðar.

Tekjumarkaleið. Með tekjumarkaleið er gert ráð fyrir að afurðastöð í markaðsráðandi stöðu verði sett ákveðin tekjumörk á innlendum markaði. Í því felst að sett verður hámark leyfilegra árlegra tekna afurðastöðvar mjólkur til að mæta kostnaði, sem er þá meðal annars hráefniskaup frá bændum, mjólkursöfnun, rannsóknir, birgðastýring og annar kostnaður sem nauðsynlegur er til að viðhalda sameiginlegum innviðum mjólkurframleiðslunnar. Tekjumörk eru sett þannig að í þeim felst réttir hvatar fyrir afurðastöð til að hagræða og jafnframt að tryggður sé ákveðinn rekstrargrundvöllur og hvatning til hagkvæmra fjárfestinga. Við ákvörðun tekjumarkanna er þá almennt tekið mið af arðsemi afurðastöðvar, sem er því sem næst vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar sem tekur mið af hæfilegri arðsemiskröfu á eigið fé stöðvarinnar. Afurðastöðin verður að leggja fram ítarleg gögn við ákvörðun tekjumarkanna og verðlagsnefnd þarf að hafa nægilegar bjargir til að geta lagt á þau óháð mat. Gera þarf upp tekjumörkin að loknu hverju rekstrarári og gera breytingar eftir atvikum. Horfa má til fyrirmynda sem fyrirfinnast til dæmis á raforku- og fjarskiptamarkaði hérlendis. Almenna reglan verður að hætt verður að verðleggja einstakar vörur á heildsölustigi, en á sama tíma er markaðsráðandi afurðastöð settar skörður við því hvað hún getur aflað sér mikilla tekna í heild á markaði.

Vinnslukostnaður. Þar sem leitast er við að tryggja framboð á mjólkurvöru á innanlandsmarkaði getur verið nauðsynlegt að verðleggja tímabundið ákveðnar vörur frá viðurkenndum vinnslum og hráefniskostnaði, svo sem mjólkurduft og smjör. Verðákvörðun á heildsölustigi fyrir aðrar vörur verði aflögð.

Breytingin felst í því að verðlagsnefnd verði gert að horfa til ákveðinna tekjumarkanna og arðsemi af starfsemi fyrirtækja í mjólkuriðnaði við verðákvörðanir sínar. Þessi breyting verði strax áréttuð í

erindisbréfi nefndarinnar. Varðandi ákvörðun tekjumarka skuli Verðlagsnefnd m.a. horfa til viðmiða sem lögð hafa verið til grundvallar þar sem tekjumarkaleið hefur verið farin.

Tillaga hópsins er að næstu fjögur ár verði nýtt til aðlögunar að þessu nýja fyrirkomulagi og Verðlagsnefnd starfi þann tíma og ákveði verð til bænda og á hrámjólk til viðskipta milli vinnslustöðva. Verðlagsnefnd hafi eftirlit með þeim samningum.

Afurðastöðvar

Á Íslandi hefur eitt fyrirtæki yfirburðastöðu á móttöku og vinnslu úr mjólk. Mjólkursamsalan sem er einkahlutafélag í eigu Auðhumla og Kaupfélags Skagfirðinga. Auðhumla er samvinnufélag í eigu um 520 mjólkurframleiðenda sem búa um land allt. Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag í Skagafirði.

Auðhumla kaupir mjólk af bændum og selur mjólk til vinnslu hjá Mjólkursamsölunni og öllum öðrum afurðastöðvum í mjólkuriðnaði. Auðhumla og Kaupfélag Skagfirðinga taka við mjólk frá bændum. Þá starfa smærri aðilar á úrvinnslumarkaði; Arna í Bolungarvík, Mjólk á KS, Bíobú ehf. í eigu framleiðanda á sviði lífrænnar mjólkurframleiðslu auk einstaka smærri aðila

Samkvæmt búvörulögum hefur stærsta fyrirtækið ákveðnar skyldur gagnvart smærri aðilum á markaði. Fyrirtækinu er gert að þola opinbera verðlagningu á hráefni og á helmingi framleiðsluvara. Í því felst að sala á framleiðsluvörum er í vissum tilfellum undir kostnaðarverði til að styðja við aðra íslenska matvælaframleiðslu. Fyrirtækið selur hráefni og afurðir til samkeppnisaðila á verði sem ákveðið er af verðlagsnefnd. Þá eru afurðir seldar á sama verði um land allt, jafnt til samkeppnisaðila, annarra matvælaframleiðenda og smásöluaðila. Fyrirtækið safnar mjólk um allt land og kaupir mjólk á sama verði um allt land, sem leiðir jafnframt til skyldu til birgðastjórnunar. Framangreindir þættir miða að því hagræðingu í söfnun mjólkur og framleiðslu mjólkurafurða hér á landi.

Innan núverandi kerfis eru bændur hvar sem er á landinu jafnsettir um afhendingu á framleiðslu sinni. Sú þróun, sem byggir á heimild til takmarkaðs samstarfs innan afurðastöðva, hefur leitt til verulegrar hagræðingar í rekstri. Heimildin (varðandi ytri starfsskilyrða afurðastöðva) er mikilvægur stuðningur við að tryggja byggðafestu.

Ísland er strjálbýlt land og fámennt. Markaðurinn er lítill og í samkeppni við stórfyrirtæki á margfalt stærri mörkuðum. Þess má geta að stærsta afurðastöð Norðurlanda, Arla, er um 100 sinnum stærri en Mjólkursamsalan.

Tækifærin að auknum verðmætum til hagsbóta fyrir neytendur og bændur liggja í vöruþróun og nýsköpun. Hópurinn telur að við stefnumörkun um starfsskilyrði á úrvinnslu mjólkur megi ná fram meiri gæðum, fjölbreytni og samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur. Verði hin svokallaða tekjumarkaleið farin er rétt að Auðhumla geri árlegan grunnsamning við vinnslustöðvar, vonandi í fjölbreyttri eigu, víðs vegar um landið um kaup á hráefni. Samningurinn verði þá um afhendingu á hrámjólk, kostnað við birgðahald, rannsóknir og fleiri þætti sem hafa kostnað í för með sér. Semja þarf um framleiðslu á vörum úr mjólk sem eru umfram þarfir markaðarins hverju sinni.

Samkeppnismál

Samráðshópi um búvörusamninga er ekki ætlað að taka afstöðu til þess fyrirkomulags sem er kveðið á um í 71 gr. búvörulaga og heimilar mjólkurvinnslum að eiga með sér verkaskiptingu og heimild til sameiningar.

Það ákvæði hefur verið umdeilt enda gengur það lengra en almennar heimildir samkeppnislaga. Því er haldið fram að ákvæðið hafi tryggt ákveðna hagræðingu í mjólkurframleiðslu sem bæði hafi komið bændum og neytendum til góða. Því er einnig haldið fram að þessi undanþága eigi ekki lengur rétt á sér eða sé óþörf og að hún geti hamlað eðlilegri samkeppni á markaði.

Þekkt er að til eru ákvæði ýmissa laga um frávik frá meginreglum samkeppnislaga. Slík ákvæði þurfa því ekki að ganga gegn ákvæðum samkeppnislaga. Um búvöruframleiðslu gilda, í flestum þjóðríkjum,

sérstök lög. Tilgangur þeirra er að viðhalda og skapa umgjörð um búvöruframleiðslu, um framleiðslu hennar, vinnslu, sölu og markaðsmál. Þekkt er að slík löggjöf víkur oftast en ekki frá almennum samkeppnislögum.

Samráðshópurinn hafði hvorki aðstöðu né tækifæri til að greina lagaumhverfið hvað þessi málefni varðar og hvernig endurskoða megi innlenda löggjöf þannig að ákvæði samrýmis markmiðum búvöruhlaga og standist jafnframt ákvæði samkeppnislaga.

Samráðshópurinn benti á ýmis atriði í skilabréfi sínu fyrir sauðfjárrækt sem greina þurfi nánar. Heimildir eru í íslenskum samkeppnislögum um samstarf og til sameiningar fyrirtækja. Um það ákvæði gilda hins vegar engar verklags- eða viðmiðunarreglur, hvernig eigi að bera sig að því að sækja slíkar heimildir. Úr því þarf að bæta.

Ástæða er einnig til að ítreka umfjöllun í skilabréfi vegna sauðfjárræktar að endurmat á markaði búvöru fari fram. Það er vart hægt að segja að innlendir markaður sé lengur einangraður. Íslensk fyrirtæki standa í beinni samkeppni við mun stærri fyrirtæki á evrópskum markaði. Samráðshópurinn leggur til að búvöruhlaga og aðstæður innlendra fyrirtækja verði endurmetin í ljósi þeirra breytinga, meðal annars vegna áhrifa viðskiptasamnings við ESB um búvöru.

Samráðshópurinn beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að láta greina samspil löggjafar um búvöruframleiðslu og samkeppnislöggjafar í öðrum löndum.

Aðbúnaðarkröfur

Hópurinn leggur til að frestir við innleiðingu á nýjum aðbúnaðarreglum verði endurskoðaðir, þannig að framleiðendur hafi eðlilegan tíma til að vinna að bættum aðbúnaði, án þess að slegið sé af kröfum varðandi velferð dýra. Reglurnar kalla á aukinn kostnað og fjárfestingar. Hröð innleiðing á breyttum aðbúnaði er verulega íþyngjandi fyrir framleiðendur. Mörg ágæt fjós eru í rekstri þar sem ábúendur eiga fá ár eftir af sínum búskap.

Mikil umbreyting hefur orðið í aðbúnaði kúa. Almenn má segja að sá aðbúnaður sé góður. Bættur aðbúnaður, framfarir í fóðrun og ræktun kúastofnsins hafa aukið afurðir og þar með framleiðslu. Þá hafa breytingar undanfarinna ára hafa skapað betri vinnuaðstæður bænda og létt þeim erfið. Mikilvægt er að fjárfestingarstuðningi sé úthlutað til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um bættan aðbúnað og að fjármunir séu nýttir í þau verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í.

Nautakjötsframleiðsla

Hópurinn ræddi ítarlega um þróun kjötmarkaðar. Eftirspurn eftir nautakjöti, hefur vaxið hratt. Helsta vandamál innlendar nautakjötsframleiðslu hefur verið að anna einstaka hlutum markaðarins. Á öðrum stað er fjallað um áhrif á lækandi tollvernd og áhrifum hennar á búgreinina.

Sérstaða íslenskrar nautakjötsframleiðslu felst einkum í gnægð af hreinu vatni, nýtingu á grasi og miklu landrymi. Mikilvægt er að efla fagmennsku og framleiðslu á gæðanautakjöti. Með skipulegum hætti er nú unnið að því að efla kynbótastarf til að auka hagkvæmni í nautakjötsframleiðslu. Auknar rannsóknir, ráðgjöf og skipulagt kynbótastarf eru forsendur fyrir arðsamri framleiðslu.

Eitt form nautgriparæktar sem hefur náð takmarkaðri fótfestu hér á landi er hjarðeldi. Þar sem kálfar ganga undir mæðrum sínum og haldnar eru stórar og smáar hjarðir. Vafalítið eru forsendur fyrir slíkum búskap sem eykur fjölbreytni í landbúnaði og getur hentað með öðrum búgreinum eða sem sérhæfð bú.

Hópurinn leggur eindregið til að við endurskoðun samnings um starfskilyrði nautgriparæktarinnar verði mögulegt að gera tímabundna uppbyggingarsamninga til að hvetja til fjölbreyttari búskaparháttanna og framleiðslu. Horft verði til stofnstyrkja til að auðvelda uppbyggingu og fjárfestingu á því sviði. Þá er rétt að kanna möguleika til að ráðast í átaksverkefni í framleiðslu nautakjöts, svo sem kálvakjötsframleiðslu og framleiðslu á nautakjöti með hjarðeldi.

Í umfjöllun hópsins um sauðfjárrækt var talsvert rætt um virðisaukandi starfsemi hjá bændum. Matís hefur tekið saman gögn um byggingu og starfsemi örsláturhúsa. Þó áfram verði megináhersla lögð á að reka stærri sláturhús og vinnslur, þá kunna að vera sóknarfæri í staðbundinni framleiðslu með beinni tengingu milli neytenda og bænda. Þá skal leggja áherslu á notkun og þróun á nútíma upplýsingatækni og möguleikum þeirrar tækni til faglegri búskaparhátta.

Hópurinn leggur áherslu á að ráðherra beiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í þá veru að stutt verði við verðmætasköpun, sbr. ofangreint. Með rekstri örsláturhúsa má auka athafnafrelsi bænda.

Með endurmati á gildi tollverndar og aðlögun að opnari markaði er nauðsynlegt að verja frekari fjármunum til stuðnings og eflingar nautakjötsframleiðslu.

Auknir tollkvótar, sbr. samningar við ESB

Hópurinn hvetur stjórnvöld til að veita landbúnaðinum tímabundinn stuðning til að mæta aukinni samkeppni samhliða minnkandi tollvernd (auknum tollkvótum) á næstu árum fyrir íslenskar landbúnaðarvörur.

Um merkingar og upplýsinga til neytenda

Hópurinn telur mikilvægt fyrir neytendur og framleiðendur að íslensk löggjöf og eftirlit tryggi rekjanleika matvæla. Tryggt verði að neytendur geti nálgast upplýsingar um uppruna vörunnar, þar á meðal uppruna unnar matvöru í mótuneytum og á veitingahúsum, og upplýsingar um lyfjanotkun við framleiðslu kjöts, hvort sem er sýklalyf eða vaxtahvetjandi hormónar.

Þess má geta að ríkisstjórn Finnlands hefur fengið heimild Evrópusambandsins til að skylda alla þá sem selja kjöt til að upplýsa kaupendur um uppruna kjötsins. Þetta var gert í kjölfar könnunar á viðhorfum finnskra neytenda til merkinga á matvörum sem sýndi skýra kröfu þeirra um betri upplýsingar. Í framhaldinu voru settar nýjar reglur um upprunamerkingar á kjöti og fiski sem gilda á öllum veitingastöðum. Reglurnar gilda um allt ferskt, kælt eða fryst kjöt sem og fisk, en þó ekki um rétti sem innihalda lítið magn af kjöti eða fiski.

Hér á landi hafa samtök framleiðenda, seljenda og neytenda átt samstarf um bættar merkingar á matvælum. Hingað til hefur þó ekki verið talið að hægt væri að gera strangari kröfur en reglugerðir Evrópusambandsins kveðja á um vegna veru Íslands á evrópska efnahagssvæðinu. Hópurinn hvetur stjórnvöld til þess að taka alvarlega til skoðunar að innleiða sambærilegar reglur hér á landi og í Finnlandi.

Sjálfbærnivottun

Æskilegt er að taka til skoðunar þróun gæðastýringar í framleiðslu landbúnaðarafurða með sjálfbærnivottun, þar sem notast er við viðurkennda gæðastuðla sem geti nýst við upplýsingamiðlun til neytenda. Slík vinna ætti að verða unnin á forsendum viðurkennda gæðastýringakerfa en ekki heimatilbúin kerfi sem hafa takmarkað upplýsingagildi fyrir almenna neytendur.

Huga verður að í tengslum við slíka sjálfbærnivottun hvað í henni felst út frá því um hvaða starfsemi er að ræða. Í landbúnaði er til dæmis miðað við að um sé að ræða nýtingu sem ekki gengur á auðlindir lands, svo sem jarðveg, gróður og vatn og tryggir um leið viðgang og virkni vistkerfis til framtíðar, eins og skilgreint er í reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Í skýrslunni "Okkar sameiginlega framtíð" (Our Common Future), sem samin var árið 1987 undir forystu Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs, var hugtakið fyrst skilgreint sem „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.“ Áherslan er á að sjónarmið samfélags og náttúru standi jafnfætis þeim efnahagslegu.

Hópurinn telur æskilegt að huga að þessum þáttum og að gæðavottunarkerfi landbúnaðarins og samningar um starfsskilyrði hans hafi að leiðarljósi að stuðla að sjálfbærni sem byggir á þessum gildum.

Lífræn vottun

Hópurinn fjallaði umtalsvert um lífrænt vottaða nautgriparækt, fyrst og fremst um framleiðslu á lífrænt vottaðri mjólk. Aðeins þrjú bú hafa lífræna vottun til framleiðslu og eitt bú til viðbótar er í aðlögun.

Ein mjólkurvinnsla framleiðir nú lífrænar mjólkurvörur og þróar markað fyrir slíkar vörur. Gott samstarf hefur verið innan mjólkuriðnaðarins um það verkefni.

Of lítil eftirspurn hefur verið eftir þeim stuðningsgreiðslum sem hafa verið í boði samkvæmt gildandi samningum til aðlögunar að lífrænni ræktun og hvetur hópurinn til sérstakrar greiningar á því.

Það vantar öflugri ráðgjöf, rannsóknir og umræðu til að vekja athygli og umtal og fá þannig fleiri bændur til að til að skoða þessa möguleika. Efla þarf rannsóknir Landbúnaðarháskólans og ráðgjöf af hendi Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins til slíkra búskaparhátta.

Framleiðendur sem að kaupa lífræna mjólk hafa skuldbundið sig til að greiða álag fyrir lífrænt vottaða mjólk. Bændur þurfa meiri hvatningu með sérstökum stuðningi til lengri tíma til að aðlaga jarðir sínar og bú að lífrænni framleiðslu.

Lífrænt vottaður landbúnaður og ekki síst lífrænt vottuð nautgripa- og mjólkurframleiðsla er í mörgum nágrannríkjum okkar stærri hluti markaðarins en hér á landi, sérstaklega hvað varðar drykkjarmjólk.

Hópurinn leggur til að við endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar verði lögð áhersla á átak til eflingar lífrænt vottaðra framleiðslu.

Hópurinn lagði í talsverða athugun á stöðu vottunar og þeirra krafna sem gerðar eru hér á landi. Niðurstaðan var helst sú að umhverfi vottunar og þeirra krafna sem gerðar eru þurfi endurskoðunar við. Fram kom að Matvælastofnun hyggt efla starfsemi sína á þessu sviði og eftirlit með þeim kröfum sem gerðar eru. Mikilvægt er að greina og skýra þau ákvæði sem gilda um slíkar kröfur og vottanir.

Hópurinn skoðaði stöðu lífrænnar vottunar. Stundum er því haldið fram að hér á landi séu gerðar strangari kröfur en í nágrannalöndum og að undanþágur séu færri. Hópurinn sendi erindi til Matvælastofnunar vegna þessa og í svörum mátti sjá að í ákveðnum tilellum eru kröfur hér strangari, svo sem þegar kemur að heimild í lífrænum búskap til að nýta búfjáraburð frá búskap sem ekki er með lífræna vottun. Þá virðist skipta máli með hvaða hætti verksmiðjubúskapur er skilgreindur.

Hópurinn leggur áherslu á að kröfur til lífrænnar vottunar hér á landi séu eins og þær sem gerðar eru í Evrópusambandinu. Bæði til að tryggja samkeppnisstöðu framleiðenda en ekki síður til að neytendur geti treyst því að opinber merking lífrænnar vottunar sé samræmd. Nánar verður fjallað um lífrænan búskap í umfjöllun hópsins um samning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

Lokaorð

Samantekt þessi er niðurstaða samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga. Þórlindur Kjartansson gat ekki sótt fundi við umfjöllun hópsins um samning um starfsskilyrði nautgriparæktar og tók ekki þátt við mótun ofangreindra tillagna.